



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisráðuneytið  
Skuggasundi 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. nóvember 2011

1110038SA GB  
Málalykill: 381

### **Efni: Umsögn um drög að frv. um br. á lögum um mat á umhverfisáhrifum**

Vísað er til bréfs umhverfisráðuneytisins frá 20. október 2011, þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Sambandið þakkar ráðuneytinu fyrir að fallast á að framlengja umsagnarfrést til dagsins í dag.

#### **Almennt um frumvarpsdrögin**

Frumvarpið er samið í þeim tilgangi að bregðast við athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA um að tilskipun nr. 85/337/EB hafi ekki verið rétt innleidd hér á landi með lögum nr. 106/2000. Þær athugasemdir beinast fyrst og fremst að viðmiðum um tilkynningarskyldu framkvæmda skv. 2. viðauka gildandi laga. Einnig eru í frumvarpinu gerðar tillögur um nokkrar breytingar til að sníða af vankanta sem komið hafa í ljós við beitingu laganna.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um að þær framkvæmdir sem falla neðan tilgreindra viðmiðunarmarka séu tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar en sæti þar einfaldari málsmeðferð en nú gildir um tilkynningarskyldar framkvæmdir samkvæmt lögnum. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga er ekki gerð athugasemd við þessa breyttu framsetningu.

Að áliti sambandsins er ástæða til þess að huga að því hvort hægt sé að setja neðri mörk varðandi tilkynningarskyldu ýmissa minniháttar framkvæmda sem samkvæmt orðanna hljóðan falla undir gildissvið frumvarpsins. Þar undir má einkum nefna framkvæmdir á sviði landbúnaðar og skógræktar og breytingar á veitumannvirkjum, sbr. einkum liði 1.07 og 13.03. Sambandið leggur því einkum til að skoðað verði hvort ástæða sé til þess að bæta við 4. gr. frumvarpsins nýrri málsgrein myndi undanþiggja frá tilkynningarskyldu allar minniháttar framkvæmdir sem ekki eru framkvæmdaleyfisskyldar.

Sambandið bendir einnig á að í ráðuneytinu er nú unnið að frágangi reglugerðar um framkvæmdaleyfi þar sem leitast er við að afmarka hvaða framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskyldar og hverjar ekki. Ætti sú vinna að nýtast í þeim samhengi er að ofan greinir. Í þeirri vinnu hefur m.a. verið gert ráð fyrir að dreifikerfi veitna og óverulegar breytingar á veitukerfum verði undanskildar framkvæmdaleyfum. Verður ekki séð að neitt tilefni sé heldur til þess að slíkar framkvæmdir séu tilkynningarskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Að öðru leyti tekur sambandið undir ábendingar um veitukerfi sem fram koma í umsögn Samorku um frumvarpið, m.a. um að eðlilegt væri að kveða á um að ákvæði frumvarpsins um „vatnsleiðslur“ gildi bæði um heitt og kalt vatn og gildi eingöngu um stofnlagnir.



## Nauðsyn á endurskoðun 2. mgr. 5. gr. laganna

Sambandið leggur áherslu á að þetta tækifæri verði einnig nýtt til þess að leggja til breytingar á 2. mgr. 5. gr. laganna, sem fjallar um heimild til sameiginlegs mats á framkvæmdum, með það að markmiði að eyða réttaróvissu sem m.a. birtist í mismunandi lagatúlkun Skipulagsstofnunar og umhverfisráðuneytisins við umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum svonefndar Suðvesturlínu.

Umrætt ákvæði hljóðar svo:

*„Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.“*

Ítarleg sjónarmið um túlkun og beitingu þessa ákvæðis er að finna í meðfylgjandi umsögn sambandsins til umhverfisnefndar Alþingis, dags. 6. nóvember 2009, ásamt minnisblaði lögfræðisviðs sambandsins, dags. sama dag.

Á þessu stigi er ekki sett fram bein tillaga um orðalagsbreytingar á 2. mgr. 5. gr. en af hálfu sambandsins er lýst yfir vilja til þess að eiga fund með ráðuneytinu, Skipulagsstofnun og eftir atvikum öðrum sem hagsmuna hafa að gæta til að ræða hvernig hægt er að tryggja betri skýrleika laganna hvað þetta mikilvæga atriði varðar. Ef ráðuneytið telur ekki mögulegt að taka tillit til þessara sjónarmiða við framlagningu þess frumvarps sem hér er til umsagnar hvetur sambandið ráðuneytið til þess að setja sem fyrst af stað starfshóp sem hefði það verkefni að gera tillögur um betrubætur á laga- og reglugerðarákvæðum um sameiginlegt mat framkvæmda.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs